

# Nýr Vinur!



Þessi saga er skáldsaga. Það þýðir að hún gerðist ekki í raunveruleikanum.

Einu sinni var lítill drengur sem hét Klemens. Honum þótti gaman að leika sér í garðinum með vinum sínum.





Einn daginn hitti Klemens nýjan félaga sem hét Hróbjartur. Hrói, eins og hann var oftast kallaður, var svolítið öðruvísi, því hann talaði ekki eins og aðrir. Í staðinn notaði Hrói hendurnar til að eiga samskipti.



Fyrst í stað skyldi Klemens ekki af hverju Hrói gat ekki talað eins og hinir krakkarnir.



Þá útskýrði pabbi fyrir Klemensi að Hrói væri mállaus og heyrnarlaus, sem þýddi að hann gat hvorki heyrt eða talað eins og aðrir.



Klemens var svolítið leiður fyrir fyrir hönd nýja vinar síns yfir því að hann gat ekki heyrt og ekki talað. En svo bað hann pabba sinn að kenna sér táknmál svo að hann gæti talað við Hróa.



Með hjálp pabba
síns lærði Klemens
hvernig á að segja
orðið „vinur“ á
táknmáli.



Þegar Klemens
sýndi Hróa hvað
hann hafði lært,
ljómaði andlit Hróa
í stóru gleði brosi.



Upp frá þessu léku Klemens og Hrói sér saman alla daga. Þeir fóru í leiki, teiknuðu myndir og skemmtu sér konunglega. Þrátt fyrir að þeir gætu ekki talað saman eins og aðrir vinir skildu þeir hvorn annan vel.



Klemens áttaði sig á því að vinátta snýst ekki bara um að tala. Það er hægt að skilja og eiga góð samskipti án þess að segja mjög mikið.

Svo styrktist vinátta Klemensar og Hróa með hverjum deginum sem leið og með því sýndu þeir að vinátta snýst um skilning og traust.




Sögulok!